



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun
yfirlitssýningar á verkum
Gísla B. Björnssonar
Hönnunarsafn Íslands
25. október 2012**

Heiðruðu sýningargestir

Við segjum gjarnan að Íslendingar séu söguþjóð, áréttum hvernig bókmenntir miðalda mótuðu baráttuna fyrir sjálfstæði; landnámsmenn eru enn góðir kunningjar, lifa í frásögnum íbúa í mörgum byggðum. Við njótum þess að nóbelskaldið sótti efnivið í gamla tíma og um þessar mundir lýkur Einar Kárason þrileik sínum um Sturlungu.

Aldirnar hafa verið okkur veganesti en við spyrjum sjaldnar: Hvernig varð nútíminn til, umrótið sem frumkvöðlar römmuðu inn með hönnun á vettvangi daglegs lífs? Við látum frekar sögur um fjarlægá fortíð og deilur um framtíð móta umræðuna.

Samt er stökkið frá kyrrstöðunni í aðdraganda seinna stríðs til fjölbreytileika okkar tíðar stærra en nokkur breyting önnur sem Íslendingar hafa kynnst; stökkið sem í fyllingu tímans varð að hinu síkvika nú sem mótað hefur okkur öll.

Þjóð sem um aldir notaði nánast eingöngu orð til að tjá sig, sá í textum veruleikann, fór á æviskeiði einnar kynslóðar að nota sjónræn tákni, línur og merki til að flytja skilaboð, ná boðskap, stofnun eða

samtökum í kennimerki, hönnuð undir áhrifum stefnunnar sem setti nútímann í brennidepil.

Það var gæfa að verða frumkvöðull og leiðtogi, áhrifamaður og kennari þegar þessi umskipti tóku að móta skilning heillar þjóðar. Slíkt varð hlutskipti Gísla B. Björnssonar, ævistarfið sem heiðrað er með sýningunni, samstarfi Listaháskóla Íslands, Hönnunarsafns Íslands og Hönnunarmiðstöðvar.

Hún veitir okkur kærkomið tækifæri til að skoða nútímann í nýju ljósi, skilja betur tilurð hans og eðli; en hún er líka þakkargjörð til Gísla, frumherja sem ólst upp á tímum þegar hinn hægláti fábreytileiki hversdagsins, erfiði sjómanna og bænda, bárujárnshús og moldargötur tóku að kallast á við umrót stríðsáranna; frumherja sem hélt til Þýskalands skömmu eftir að ríkisstjórn Hermanns og Lúðvíks færði landhelgina í tólf mílur, stofnaði auglýsingastofu þegar Ólafur Thors var forsætisráðherra, varð skólastjóri Myndlista- og handíðaskólans á ráðherraárum Magnúsar Kjartanssonar og heiðursfélagi FÍT þegar Svavar, Ragnar og Hjörleifur lutu forsæti Gunnars Thoroddsen.

Þessi nafnalisti ráðamanna minnir á hve lengi Gísli hefur verið að verki og hvílík stakkaskipti hafa orðið. Þó þykja okkur birtingarmyndir nútímans svo eðlilegar, jafnvel sjálfsagðar. Við gleymum að spyrja: Hver skóp þennan nútíma? Hvernig varð hann til? Hvaðan komu kennimerkin sem í dag auðkenna stofnanir og málstað? Hví birtast okkur texti og myndir á annan veg en áður?

Svörin við þessum spurningum leiða okkur á einn eða annan hátt að vinnuborðum Gísla, í skólana þar sem hann kenndi, á skrifstofur sem voru daglegur vettvangur starfsins.

Gísli B. Björnsson átti ríka hlutdeild í grafískri hönnun íslensks nútíma, í mótun tjáningar og skynjunar, hann sjálfur, nemendur hans og samstarfsfólk.

Þess vegna er sýningin sem við opnum hér í kvöld fagnaðarefni, tækifæri til að dýpka skilning en líka vettvangur virðingar og þakka fyrir einstakt ævistarf.

Hér eru rakin verk frumkvöðuls og kennara, hugsuðar og athafnamanns á vettvangi viðskiptanna sem hélt þó ætíð sinni róttæku skoðun, ávallt reiðubúinn að mæta til leiks þótt átökin væru hörð, úrslitin tvísýn; hugsjónamanns sem lagði nútímanum til tjáningarform en horfði um leið til framtíðarlandsins.

Ég óska þér Gísli, fjölskyldu þinni og reyndar líka samstarfsfólki á langri leið til hamingju með sýninguna og bókina sem henni er tengd, og þakka einnig Listaháskóla Íslands, Hönnunarsafni Íslands og Hönnunarmiðstöð fyrir þetta framtak. Það skiptir miklu að slíkt samstarf haldi áfram og verði til að efla skilning okkar á samfélagi sem er í sífelltri mótun; hjálpi okkur að feta farsællega nýjar slóðir.

Með þeirri ósk og þökkum til Gísla fyrir hið merka ævistarf lýsi ég yfir að sýningin er hér með opnuð.